

*Hann er Guð.*

Ó þú sem hefur beint augum þínum að ríki dýrðarinnar! Ljós Fegurðar heimsins flæddi um alla jörðina og veitti öllu sem skapað er himneska náð. Ástvinur heimsins skein og heillaði elskendur sína með töfrum sínum. Og þótt sú sólin sé nú hnigin til viðar skína geislar Hans enn frá hinu ósýnilega ríki og halda áfram að veita öllum svæðum eilífa náð. Þeir sem búa yfir innsæi sjá heiminn upplýstan af dýrð sólar sannleikans. En þeir sem eru blindir hið innra fara varhluta af ljósinu og lýsa því yfir að dagur sé nótt og morgunninn kvöld.

Seg: Ó lánlausa vera! Sú sól mun aldrei setjast né mun sú dagstjarna dýrðarríkisins nokkurn tíma blikna. Sólsetur er aðeins til fyrir íbúa jarðarinnar, því hvernig getur morgunn eða nótt orðið á sólinni sjálfri? Hún skín ætíð í hádegisljóma sínum, stafar ætíð geislum sínum frá hæstu tindum hylli og gjafa. Yfir þér hvíli Dýrð allra dýrða.